

Mat á kostnaði vegna vinnutengdra slysa og heilsuleysis: Greining á evrópskum heimildum

Evrópska áhættuathugunarstöðin

Stutt yfirlit

Höfundar:

Swenneke van den Heuvel; Lennart van der Zwaan; Liza van Dam; Karen Oude-Hengel; Iris Eekhout; Martijn van Emmerik (TNO); Claudia Oldenburg; Carsten Brück (KOOP); Pawel Janowski, Camille Wilhelm (VVA)

Verkefnisstjórn:

Dietmar Elsler; Michaela Seifert (EU-OSHA)

Evrópska vinnuverndarstofnunin (EU-OSHA) fól viðkomandi aðilum gerð þessarar skýrslu. Efni hennar, þar á meðal álit og/eða niðurstöður eru einungis á ábyrgð höfundanna og endurspeгла ekki endilega skoðanir EU-OSHA.

**Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar þig við að
finna svörin við spurningum þínum um
Evrópusambandið.**

Gjaldfrjálst númer (*):

00 800 6 7 8 9 10 11

(*) Sum farsímafyrirtæki leyfa ekki að ganga að 00 800 númerum eða taka gjald fyrir slík símtöl.

Frekari upplýsingar um Evrópusambandið má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Flokkunarupplýsingar má finna á forsiðu ritsins.

Lúxemborg: Miðstöð fyrir opinberar útgáfur Evrópusambandsins, 2017

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2017

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Samantekt

EU-OSHA miðar að því að gera áætlun um kostnaðinn við vinnuslys, vinnutengda sjúkdóma og dauðsföll í Evrópu. Fyrsta skref í átt að því að ná þessu markmiði felur í sér að gera yfirlit yfir tiltækileika og gæði lands- og alþjóðlegra gagnaheimilda sem gæti þurft til að þróa slíkan kostnaðarútreikning á Evrópuvísu. Núverandi skýrsla sýnir niðurstöðu þessa fyrsta skrefs.

Leitað var að tiltækileika viðeigandi gagna á alþjóðavísu en auk þess á landsvísu í aðildarríkjum ESB, Íslandi og Noregi. Gögnum var safnað með hjálp landssérfræðinga sem voru beðnir um að fylla út sniðmát sem tengdust uppruna tilfella og kostnaði við vinnuslys og vinnutengda sjúkdóma.

Gögnin sem fengust út úr þessu voru metin gagnvart fyrirfram skilgreindum viðmiðum. Því kostnaðarmatið var takmarkað við yfirlit yfir tiltækileika.

Eftir að mat var lagt á umfang og gæði gagnaheimilda, kom í ljós að við vorum ekki með nógu af gögnum til að ákvarða tilfelli vinnutengdrar sjúkdómsbyrði á Evrópuvísu. Gögn um vinnuslys auk gagna um vinnutengd heilsufarsvandamál skortir, eru ekki áreiðanleg eða eru ónóg.

Með tilliti til kostnaðar komumst við að því að hægt er að álykta um beinan kostnað við heilbrigðisþjónustu út frá alþjóðlegum gagnaheimildum. Útreikningur á óbeinum kostnaði verður áskorun þar sem þó nokkurn aukakostnað og kostnað á núningstímabili vantar. Byggt á tiltækum gagnaheimildum um brúttó laun ráðleggjum við að tekin verði upp mannauðsnálgun. Grundvallar forsenda fyrir slíkri nálgun er hinsvegar að hægt sé að áætla fjölda tapaðra vinnudaga.

Þrátt fyrir skort á gögnum, er hægt að áætla upp í sum skörðin. Hægt er að byggja uppástungur um nálganir við það á eftirfarandi athugunum:

- Í sumum löndum virðist tiltækileiki gagnaheimilda þokkalega traustur og gæti verið nógu góður til að framkvæma varfærna áætlun. Þar af leiðir að þessar niðurstöður má nota til að áætla kostnað í öðrum löndum með sambærilega uppbyggingu.
- Með því að sameina tölur um vinnutengt hlutfall sjúkdóma, tölur um tilfelli og tíðni þessara sjúkdóma, og tölur um kostnað, gæti kostnaðaráætlun verið framkvæmanlegt fyrir suma tiltekna sjúkdóma.
- Þar sem áhrif vissra áhættupátta á tiltekin heilsufarsvandamál hefur verið rannsökuð mikið og tölur um tilfelli vissra áhættupátta eru einnig tiltækar, virðist kostnaðaráætlun eftir áhættupáttum einnig vera framkvæmanleg.

Þesskonar nálgun gæti gert hlutfallslega kostnaðaráætlun mögulega. Engu að síður, er áætlun á *heildar* byrði vinnutengdra sjúkdóma aðeins möguleg þegar hún er byggð á talsverðu magni ályktana.

1. Stutt yfirlit

Þrátt fyrir að mörg lönd geri sér grein fyrir mikilvægi vinnuverndar (OSH), standa margir launþegar samt frammi fyrir óheilbrigðum og hættulegum vinnuaðstæðum (International Labour Office, 2011¹). Í aðildarríkjum Evrópusambandsins árið 2013 voru um það bil 3,1 milljónir slysa sem leiddu ekki til dauða með að minnsta kosti 4 daga fráveru og 3.674 banaslys í aðildarríkjum ESB (Eurostat, 2016a)². Sama ár, var hlutfall íbúa aðildarríkja ESB sem glímdi við vinnutengd heilsufarsvandamál, orsökðu eða gerðu verri af vinnu, að meðaltali 7,4% (Agilis, 2015³).

Heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi er ekki aðeins æskilegt frá sjónarhóli launþega heldur stuðlar einnig markvert að framleiðni og eflir hagvöxt. Vinnuvernd eykur samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja með því að draga úr kostnaði sem kemur til vegna vinnuslysa og vinnutengdra heilsufarsvandamála og með því að auka hvatningu starfsmanna. Ennfremur, léttir samdráttur í slysum og vinnutengdum heilsufarsvandamálum þrýstingi af félagsvernd opinberra og einkaaðila, tryggingum og lífeyriskerfum.

EU-OSHA miðar að því að gera áætlun um kostnaðinn við vinnuslys, vinnutengda sjúkdóma og dauðsföll í Evrópu. Til þess að ná þessu markmiði, tekur EU-OSHA tveggja skrefa nálgun. Fyrsta skrefið felur í sér að gera yfirlit yfir tiltækileika og gæði lands- og alþjóðlegra gagnaheimilda sem gæti þurft til að þróa slíkan kostnaðarútreikning á Evrópuvísu. Í þessari skýrslu verður farið yfir niðurstöður fyrsta skrefsins.

Til að áætla kostnaðinn við vinnutengda sjúkdómabyrgði, verður nauðsynlegt að áætla fjölda tilfella, og því næst setja peningagildi á skilgreind tilvik. Leitað var að tiltækileika viðeigandi gagna á alþjóðavísu en auk þess á landsvísu í aðildarríkjum ESB, Íslandi og Noregi. Við réðum landasérfræðinga til verkefnisins til að safna upplýsingum um tiltækileika gagnaheimilda á landsvísu. Til að samræma gagnasöfnun landasérfræðinganna notuðum við sniðmát. Til þess að tryggja að þessi sniðmát næðu öllum viðeigandi upplýsingum, skoðuðum við fyrirbyggjandi rannsóknir áður en lokauppbygging sniðmátsins var skilgreint. Þegar við skoðuðum rannsóknirnar, ráðfærðum við okkur við fyrirbyggjandi rannsóknir á kostnaði við slys og vinnutengd heilsufarsvandamál. Ennfremur gerðum við landasnið til að bera kennsl á landsuppbyggingar sem ákvarða tilkynningar slysa og vinnutengda eða atvinnusjúkdóma og til að bera kennsl á viðeigandi einkenni fyrir kostnaðaráætlun. Þessi snið gera betri skilning á tiltækileika og gæðum gagna sem einangruð eru í gegnum verkefnið mögulegan.

Forsniðið fyrir tilfelli ættu að ná yfir alla flokka vinnutengdrar slæmrar heilsu. Tilfelli eiga við slys í vinnu og við heilsufarsvandamál sem eru (að hluta til) orsökðu eða verða verri vegna vinnunnar. Heilsufarsvandamál þar sem starfsþátturinn er eina eða mikilvægasta orsökinn eru einnig þekkt sem „atvinnusjúkdómar“. Við einangruðum fjóra megin flokka:

- Slys við vinnu;
- atvinnusjúkdóma;
- vinnutengda sjúkdóma og
- vinna þrátt fyrir sjúkdóm.

Fyrir hvern flokk innihélt sniðmátið spurningar um gagnaheimildir, landfræðilegt umfang, tímaviðmið (t.d. stök rannsókn, stöðug skráning), aðgengileika, sundurliðunarmöguleika (eftir aldri, kyni, atvinnuvegi, atvinnu, gerð starfs eða greiningar) og umfang (t.d. undanskildir gearar, sjálfstæður atvinnurekstur undanskilinn). Ef við átti, var upplýsingum sem tengdust gerð heilsufarsvandamáls og alvarleika einnig safnað auk almennra skýrsluviðmiða, s.s. sjálfviljug eða skyldubundin, hvatning, og mat á hversu hátt hlutfall er ekki kynnt. Ennfremur innihélt sniðmátið sértækar upplýsingar sem tengjast flokkunum. Til dæmis: „Hver er skilgreiningin á ‚slysi‘?“

Til að fá yfirsýn yfir tiltækar heimildar sem þarf til að áætla kostnaðinn við slys, sjúkdóma, dauðsföll og vinnu með sjúkdómi, söfnuðum við upplýsingum með tilliti til eftirfarandi kostnaðarflokka:

¹ International Labour Office. (2011). *XIX world congress on safety and health at work: ILO introductory report: Global trends and challenges on occupational safety and health: Istanbul, turkey, 11-15 September 2011*. Geneva: ILO.

² Eurostat. (2016a). Accidents at work statistics. Náð í frá http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Accidents_at_work_statistics

³ Agilis, S. A. (2015). Statistics and informatics. Final statistical report on the quality assessment and statistical analysis of the 2013 ad hoc module. 2015. Náð í frá: http://ec.europa.eu/eurostat/documents/1978984/6037334/Evaluation_report_LFS_AHM_2013.7z

Mat á kostnaði vegna vinnutengdra slysa og heilsuleysis: Greining á evrópskum heimildum

- Framleiðnikostnaður;
- kostnaður við heilbrigðisþjónustu;
- tap á lífsgæðum;
- stjórnunarkostnaður; og
- tryggingakostnaður.

Til að gera fullnustu og túlkun kostnaðar mögulega, var kostnaðarflokkunum skipt niður í undirflokk, eftir kostnaðarbera. Kostnaðarberar gætu verið:

- Launþegar og fjölskyldur þeirra;
- atvinnurekendur;
- stjórnvöld og
- samfélagið.

Úthlutun gæðaskora var ekki möguleg fyrir kostnaðargagnaheimildir þar sem kostnaðarflokkar voru oft byggðir á ýmskonar gagnaheimildum, og upplýsingar varðandi gæði vantaði oft. Þar af leiðir, að yfirlit yfir gagnaheimildir um kostnað verður takmarkað við tiltækileika gagna. Til að leggja mat á umfang gagnaheimilda um kostnað, bárum við fyrst kennsl á kostnaðargerðir sem voru taldar mikilvægastar í okkar markmiði, sem leiddi til eftirfarandi beinna og óbeinna kostnaðargerða:

- Heilbrigðisþjónustukostnaður innan heilbrigðisþjónustukerfisins: Heildar útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu og heildar sjúkrakostnaður fyrir starfsmenn í fötlunaráætlunum;
- framleiðnikostnaður: brúttolaun, fjöldi tapaðra vinnudaga, núningstímabil⁴, heildar kostnaður við sjúkradagpeninga/sjúkrabætur, heildar kostnaður við óvinnufærni/örorkubætur;
- Annar kostnaður sem fellur ekki undir fyrri tvo flokkana: kostnaður við íhlaupafólk, ráðningarkostnaður og endurhæfingarkostnaður.

Að auki þessum kostnaði áætluðum við líka kostnaðinn við áhrif vinnutengds heilsutaps á líf. Þessi kostnaður á við um verðgildi tapaðra lífsgæða eða tapaðra lífa. Ekki er hægt að setja beint peningagildi á þennan kostnað. Hinsvegar, með því að setja verðgildi á tap lífsgæða, tryggir það að tekið sé tillit til áhrifa vinnutengdra sjúkdóma á tap lífsgæða þegar teknar eru ákvarðanir varðandi vinnuvernd. Þegar tekið er tillit til lífsgæða í kostnaðaráætlunum eru þau oft stærsti þátturinn.

Eftir mat á umfangi og gæðum gagnaheimildanna sem nauðsynlegar eru komumst við að eftirfarandi niðurstöðu:

- Með tilliti til slysa við vinnu, í alþjóðlegum gagnaheimildum [Evróputólfræði um slys við vinnu (ESAW) og vinnumarkaðskannanir í sérstöku augnmiði (LFS-AHM)] vantar gögn frá mörgum löndum, eða gögnin eru óáreiðanleg, um slys sem valda ekki bana. Í sumum löndum eru landsheimildir tiltækar sem gætu fullkomnað eða komið í stað alþjóðlegra gagnaheimilda; en við getum ekki verið viss um gæði þeirra.
- Til viðbótar við slys, eru tilfelli atvinnusjúkdóma, skilgreindra sem sjúkdómar sem orsakast af vinnu, mikilvægur vísir fyrir vinnutengda sjúkdómsbyrði. Engu að síður er umræðunni um hvaða sjúkdómar orsakast af vinnu og hverjir hafa aðrar orsakir ekki enn lokið. Evrópulönd eru með mismunandi lista yfir atvinnusjúkdóma og mismunandi greiningarviðmið.
- Gögn er tiltæk um vinnutengd heilsufarsvandamál fyrir öll Evrópulönd í núverandi rannsókn. Þrátt fyrir að gögnin komi frá tryggum alþjóðlegum heimildum (kannanir af miklum gæðum), er gildi sjálfstílkyntra vinnutengdra heilsufarsvandamála fyrir mat á vinnutengdri sjúkdómsbyrði takmarkað. Fyrir utan almennar takmarkanir innri kannana, s.s.

⁴ Núningstímabil er tíminn sem það tekur þar til annar starfsmaður úr hópi atvinnuleitenda hefur komið í stað einstaklingsins sem er fjarverandi vegna sjúkdóms (W. Kirch, 2008, Encyclopedia of Public Health, Springer)

Mat á kostnaði vegna vinnutengdra slysa og heilsuleysis: Greining á evrópskum heimildum

upprifjunarskekkja, vandamál við orðalag og menningarlegur munur, liggur helsta takmörkunin í vangetu við að leggja mat á banvæna sjúkdóma og sjúkdóma með langan dvalartíma með könnun. Ennfremur er aðeins einn sjúkdómur á ári tekin með í reikninginn, jafnvel ef frekari tilvik slæmrar heilsu eigi sér stað, sem getur leitt til þess að raunverulega vandamálið sé vanmetið.

- Gögn um starfsfólk sem mætir í vinnu þrátt fyrir veikindi, sem við fengum úr hágæða könnun, fengust fyrir öll löndin. Engu að síður, eru þessar upplýsingar ekki nægilegar til að meta tap á framleiðni og afköstum né nokkurn annan kostnað sem kemur til vegna þess að fólk mætir veikt í vinnu þar sem engar upplýsingar eru til um tengingu við vinnu eða hversu mikið tap á framleiðni verður.
- Við erum með gögn um tíðni og tilfelli sjúkdóma fyrir öll lönd. Hinsvegar þurfum við enn að vita vinnutengt hlutfall þessara sjúkdóma til að leggja mat á vinnutengda byrði sjúkdóma.

Í samantekt, voru ónóg gögn til að bera einangra tilfelli vinnutengdra sjúkdóma á Evrópuvísu. Það er hörgull á traustum áreiðanlegum gögnum sem tengjast slysum við vinnu og vinnutengdum heilsufarsvandamálum.

Þrátt fyrir að gögn um tilfelli vanti, einangruðum við heimildir um kostnað:

- Meirihluti landanna veitti okkur gagnaheimildir um heildar útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu og heildar sjúkrakostnað fyrir starfsmenn í fötlunaráætlunum. Til að setja raunverulega stærð kostnaðar við heilbrigðisþjónustu í samhengi, eru gögn um framleiðnikostnað og tap á lífsgæðum mjög mikilvæg.
- Þegar kom að framleiðnikostnaði, gáfu alþjóðlegar gagnaheimildir aðeins upplýsingar um brúttólaun. Gögn á landsvísu um fjölda tapaðra vinnudaga, núningstímabil, heildarkostnað við sjúkradagpeninga/sjúkrabætur og heildarkostnaður við óvinnufærni/örorkubætur eru dreifðar, sem gerir útreikning framleiðnikostnaðar erfiðan. Mannauðsnálgunin virðist vera sú leið sem er mest viðeigandi við útreikning kostnaðar við slælega vinnuverndarhætti, en þessi nálgun krefst samt þess að fjöldi vinnudaga sé áætlaður.
- Gögn um annan kostnað — aðallega notað fyrir núningskostnaðarnálgun — eru sjaldséð. Þar af leiðir að ekki er hægt að reikna út aukakostnað við að fá einhvern í stað veiks starfsmanns og ná upphaflegu framleiðnistigi.
- Með tilliti til taps á lífsgæðum, eru næstum engin gögn tiltæk um lífár með skertum lífsgæðum, eða vilja til að borga. Annar valkostur gæti fundist í lífárum með fötlun (DALY), frá Alþjóðleg sjúkdómsbyrði rannsókninni. Vinnutengt hlutfall er nauðsynlegt til að reikna út fjölda lífára með fötlun sem tengjast slysum við vinnu og vinnutengdum sjúkdómum.

Í stuttu máli er hægt að álykta um beinan kostnað við heilbrigðisþjónustu út frá alþjóðlegum gagnaheimildum. Engu að síður er útreikningur á óbeinum kostnaði áskorun þar sem þó nokkurn kostnað og kostnað á núningstímabili vantar. Byggt á tiltækum gagnaheimildum um brúttó laun ráðleggjum við að tekin verði upp mannauðsnálgun. Hinsvegar, er áætlaður fjöldi tapaðra vinnudaga nauðsynlegur til að nota þessa nálgun.

Þrátt fyrir skort á gögnum, er hægt að áætla upp í sum skörðin. Hér fyrir neðan er listi yfir nokkra möguleika.

- Í sumum löndum virðist tiltækileiki gagnaheimilda þokkalega traustur og gæti verið nógu góður til að framkvæma varfærna áætlun. Þar af leiðir að þessar niðurstöður má nota til að áætla kostnað í öðrum löndum með sambærilega uppbyggingu.
- Með því að sameina tölur um vinnutengt hlutfall sjúkdóma, tilfelli og tíðni þessara sjúkdóma, og kostnað sem tengist slíkum sjúkdómum, gæti kostnaðaráætlun verið framkvæmanlegt fyrir suma tiltekna vinnutengda sjúkdóma.
- Þar sem mikið af rannsókninni hefur farið fram á áhrifum vissra áhættuþátta á tiltekin heilsufarsvandamál, og tölur um tilfelli vissra áhættuþátta eru einnig tiltækar, virðist kostnaðaráætlun eftir áhættuþáttum einnig framkvæmanleg.

Þessar aðferðir gætu gert hlutfallslega kostnaðaráætlun mögulega. Engu að síður myndi áætlun á **heildar** byrði vinnutengdra sjúkdóma þurfa töluverðan fjölda ályktana.

Þróun nálgunar efnahagslegs kostnaðarlíkans

Að gefnum takmörkunum á landsgagnaheimildum sem ræddar eru í þessari skýrslu, mun EU-OSHA vinna með ILO, Finnlandi og Singapore, við að þróa nálgunar kostnaðarmat, sem byggt er á tiltækum gögnum á alþjóðavísu, til að reikna út gróft kostnaðarmat fyrir hvert aðildarríkja ESB að meðtöldum Noregi og Íslandi. Útreikningurinn verður byggður á DALY-um (lífárum með fötlun) sem tapast vegna líkamstjóns í vinnu og vinnutengdra sjúkdóma. Áætlað er að kynna þetta mat ásamt Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO) á XXI heimsráðstefnunni um vinnuvernd í Singapore í september 2017.